



Dagskrá Pragferðar KKK þann 7-11. maí 2023

Sunnudagur 7. maí

Flug frá Keflavík með Play, klukkan 15.00.

Við lendum í Prag ca. 20.50 eftir beint flug frá Keflavík. Við hittum erlendu farastjórana í flugstöðinni og þeir fylgja okkur í rútu að hótelinu okkar Panorama Hotel. Milevská 1695/7, 140 63 Praha 4-Nusle, Czechia sem er fjögurra stjörnu hótél. Hóteli. Hótelið býður uppá fjölbreytta þjónustu í mat og



drykk og ýmis tækifæri hvað varðar líkamsrækt og þægindi meðal annars “rooftop” innilaug og útsýni yfir borgina.

Hið vinsæla Wenceslas Square í hjarta borgarinnar er í minna en 10 mínútna fjarðlægð við hóteið með neðanjarðarlest sem er mjög einfalt og þægilegt að nota.

Herbergin er stór og rúmgóð, þau eru loftkæld, með sjónvarp, minibar, og góðu baðherbergi með hárburrku. Frítt WiFi er aðgengilegt um allt hótelið.

Líkamsræktaraðstaðan er með æfingasal, sauna, gufubaði og heitum potti.

Drykki og minni máltíðir má panta á PAN83 og Amerískur morgunverður er í boði á hverjum morgni frá kl 07.00.

Hin vinsæla verslunarmiðstöð Arcady Shopping Mall, sem telur 150 verslanir, kaffihús og veitingastaði er í mjög stuttu göngufæri frá hótelinu. Hægt er að fá allar leiðarlýsingar og kort í gestamóttökunni.

Mánudagur 8. maí

Frjáls dagur til að kanna borgina.

Klukkan 17.00. förum við á stutta æfingu á tónleikastaðnum.

Um kvöldið eru fyrri tónleikar okkar á Bubenska 1 í miðborginni.

<https://goout.net/cs/muzsky-sbor-karlakor-kjalnesinga-and-arnhei-ur-eiriksdottir/sztdvly/>




Eftir tónleikana verður smá snarl á tónleikastaðnum og síðan haldið uppá hótél. Tónleikarnir eru klukkan 19.00 og við reiknum með tæpum tveimur klukkustundum í þá.

Frjáls tími um kvöldið eftir tónleika.

Þriðjudagur 9. maí

Morguninn og eftirmiðdagurinn er frír fram að tónleikum okkar í Prague Conservatory kl. 19.30 í miðborginni.

Eftir tónleikana hafa flestir í hópnum valið að fara á kvöldsiglingu og kvöldverð. Okkur verður fylgt af farastjórum að bátnum sem er stutt frá tónleikastaðnum.



Eftir siglinguna er farið á hótelið. Á þessari tveggja tíma siglingu njótum við þríréttaðs matseðils meðan siglt framhjá helstu kennileitum borgarinnar með leiðsögn.

Miðvikudagur 10. maí

Frjáls dagur í þessari fallegu borg til að skoða og njóta.

Hægt verður að fara í skipulagðar skoðunarferðir yfir daginn sem verða kynntar

síðar og eru ekki innifaldar í kostnaði. Um kvöldið eftir tónleika verður árshátið Kórsins með mat og drykk og vonandi skemmtatriðum frá kórfélögum og eða mökum. 😊

Boðið verður m.a. upp á Flekovská bramboračka (kartöflu súpa), Flekovská bašta (steikt önd, svínakjöt og pylsur), hvítt og rautt kál, brauð og kartöflubollur ofl. góðgæti, ostakaka te/kaffi, bjór, rauðvin, og hvítvín. Eftir matinn munu rúturnar keyra okkur á hótelið og/eða í í bæinn þar sem fólk getur haldið gleðskapnum áfram.

Fimmtudagur 11.maí

Frjáls dagur í borginni til skoðunar, verslunar og að njóta lífsins .

Við fljúgum heim kl. 21.50 og við forum frá hótelinu með rútum kl. 18.15.

Við tékkum út af hótelinu kl 12.00, og fáum að geyma töskur í farangursherbergi hótelsins þar til rútan fer á flugvöllinn.

Heimkoma fimmtudagskvöld er áætluð klukkan 23.55.